

**Mál nr. 19/2018****M og****V v. ábyrgðartryggingar Þ****Maður slasast á hendi við hreinsun á saltsnigli 24.2.2017.****Gögn.**

Málskot móttakið 11.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-25.

Bréf V dags. 18. júní 2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.

**Málsatvik.**

M vann sem fiskvinnslumaður hjá Þ, slasaðist við vinnu sína þegar saltsnigill stíflaðist og hann ásamt verkstjóra unnu við að losa stífluna. M greip til þess ráðs að losa tappa neðst á affalssigti snigilsins og stakk fingri hægri handar inn í gatið, en í þann mund gangsetti verkstjórinn snigilinn, en við það hjóst fremsti hluti vísifingurs af M. M segir að það verklag sem hann notaði við að losa stíflu úr sniglinum hafi viðgengist um nokkra hríð hjá Þ. M krefst bóta á grundvelli sakarreglunnar og vísar til laga og reglugerða í því sambandi. Af hálfu M er því haldið fram að vinnuaðstæður og aðbúnaður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegur, þá hafi eftirlit með M og leiðbeiningar við framkvæmd verksins verið ófullnægjandi. Í umsögn Vinnueftirlitsins vegna slyssins segir m.a. slysið orsakist af tveimur meginþáttum: Ekki voru fullnægjandi samskipti á milli þeirra tveggja aðila sem unnu við að losa stífluna og tæki það sem um ræðir uppfyllti ekki reglugerð nr. 367/2006 un notkun tækja gr. 2.8 í viðauka, síðar segir í skýrslunni að ganga skuli þannig frá aftöppunargati að ekki sé mögulegt að koma fingrum eða höndum í gegnum það að snigli. V hafnar bótaskyldu og fellst ekki á að Þ hafi brotið gegn ákvæðum þeirrar reglugerðar sem Vinnueftirlitið vísar til í skýrslu sinni eða slysið verði rakið til annarra atriða sem Þ beri skaðabótaábyrgð á. V segir að venja sé þegar stífla myndast að losa tappann sem M losaði, en það sé aldrei neinu stungið inn í gatið hvað þá fingrum. V segir að verkstjórinn hafi ekki beðið M um hjálp og hefði ekki vitað af því að M hefði losað tappann. V bendir á að M hafði unnið hjá Þ í sjö ár þegar slysið varð og hefði M verði kennt að nota rörbút utan frá við að losa stíflur við þessar aðstæður.

**Álit.**

Í skýrslu Vinnueftirlitsins, sem vísað er til hér að framan kemur fram að tækið sem unnið var við hafi ekki uppfyllt ákvæði greinar 2.8 í reglugerð 367/2006 ennfremur segir í skýrslunni að ganga skuli þannig frá aftöppunargati að ekki sé mögulegt að koma fingrum eða höndum í gegnum það að snigli. Þessari fullyrðingu Vinnueftirlitsins hefur ekki verið hnekkt þó að fram komi mótmæli gagnvart þessu álit í bréfi V dags. 18. júní 2018. Af framangreindu þykir því mega slá því föstu að snigillinn hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til vinnutækja af því tagi sem hér ræðir um og ber Þ ábyrgð á því. Þá verður ekki annað séð, en að aðstæður hafi verið þannig á vinnustað að tveir menn sem eru að vinna á litlu afmörkuðu svæði hefðu átt að verða varir hvor við annan og vita um aðkomu beggja að verkinu, en ófullnægjandi samskipti verkstjóra og M átti stóran þátt í að slysið varð. Að þessu skoðuðu sérstaklega ófullnægjandi umbúnaður saltsnigilsins á M rétt á bótum vegna slyssins. Þegar slysið varð hafði M unnið hjá Þ í sjö ár og vissi því um hættuna sem fólst í því að setja fingur inn í snigil og sýndi af sér stórkostlegt gáleysi með að gera það og verður því að sæta skerðingu á bótum um 1/3 vegna eigin sakar, með vísan til 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V, en ber tjón sitt sjálfur að 1/3 vegna meðábyrgðar.

Reykjavík 7.8.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögmaður